

UMSÖGN

Efni: Málþing ungmenna

Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um tillögu Ágústs Beinsteins Árnasonar frá ungmennaráði Vesturbæjar:

Ungmennaráð Vesturbæjar leggur til að Reykjavíkurborg haldi regluleg málþing um málefni sem snerta þau, þar sem fyrsta málþing verði haldið ekki síðar en að vori árið 2017.

Texti:

Með bréfi frá skóla- og frístundasviði, dags. 17. maí 2016, var óskað eftir umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um ofangreinda tillögu. Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs er eftirfarandi:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráði er m.a. falið það hlutverk að auka aðgang að upplýsingum og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar. Regluleg málþing ungmenna um málefni sem snerta þau er góð leið til þess auka aðgang þess hóps að upplýsingum og tekur stjórnkerfis- og lýðræðisráð því jákvætt í ofangreinda tillögu frá ungmennaráði Vesturbæjar.